

# Þúsund fleka fasaflettta – verðandi „rými“ í fjölvídd

Edward H. Huijbens\*

## ÁGRIP

Greinin lýsir stuttlega rannsóknum sem hafa verið gerðar á hugtakinu „rými“ síðustu ár. Færð eru rök fyrir því að skilja beri rýmið sem stöðuga verðandi, enda rými umfram allt háð tíma. Áherslan er á hvernig vitundarveran ljær rýminu stöðuga verðandi í samskiptum sínum við það. Með veru í rýminu raungerir vitundarveran það sem þegar er orðið, með tilsýn af því sem hugsanlega getur orðið. Markmiðið er að öðlast dýpri skilning á rýminu með aðferðafræði póststrúktúralisma og verufræði franska heimspekingsins Gilles Deleuze. Þannig er rýmið skilið uppá nýtt og dæmi í tveimur hlutum tekið til skýringar. Niðurstaða greinarinnar fjallar um hvaða kosti það hefur að skilja rýmið á þennan hátt.

**Lykilord:** Rými, mannvistaðandfræði, tilsýnd, póststrúktúralismi, Edinborg

## ABSTRACT *Thousand Plateaux Phase Entanglement – apprehensions of space*

This article describes briefly some recent research about the concept of space. An argument is advanced about the understanding of space as a constant state of becoming, since space can in no way be understood as separate from time. The emphasis is on how time is weaved into space by the subject and by being in space these actualise the always present and immanent virtual potential of space. Thus depth is added to the term space through adopting the poststructural ontology of Gilles Deleuze. An example in two parts is used to narrate this approach with the paper concluding by highlighting the benefits of this understanding of space.

**Keywords:** Space, human geography, virtual, post-structural, Edinburgh.

## INNGANGSORÐ UM RÝMIÐ

Titill þessarar stuttu greinar er eflaust framandi fyrir marga. Það sem honum er ætlað að koma til skila er myndlíking fyrir rýmið, sem stuðst verður við í þessari grein og mun höfundur reyna að skýra hana frekar í innganginum. Seinna orð titilsins kemur úr bókinni *Líf um víðan stjörnuheim* (Þór Jakobsson, 2002). Bók þessi er safn greina sem fjalla um líf og heimssýn Giordanos Brunos í samhengi við umbrot í nútímavísindum. Eftir að hafa reynt að skilja hvað Thor Vilhjálmsson átti við í inngangi sínum – allt vel falið í orðskrúði og vísanavísunum – rakst höfundur á afar spennandi kafla, aftarlega í bókinni, eftir

Þorstein Þorsteinsson (2002). Kaflinn fjallaði um tvö sjónarmið um alheiminn: Annars vegar það að efniseindir gætu verið óháðar hver annarri með þeirri fjarlægð sem tími og rúm skapar og svo hins vegar að allar efniseindir í alheimi séu samstilltar og tengdar, óháð fjarlægðum í tíma og rúmi. Ekki mun hér verða fjallað nánar um efni þessarar greinar, en hinsvegar verður tekið upp orðið *fasaflettta* (e. phase entanglement) sem Þorsteinn notar til að fjalla um heiminn sem samfellu efniseinda, óháða fjarlægðum í tíma og rúmi. Vísað er að öðru leyti til greina þar sem landfræðingar hafa fjallað um efni meir tengt því sem Þorsteinn ræðir

\* Landfræðideild Háskólans í Durham, S-Road, Durham DH13LE, England, e.h.huijbens@durham.ac.uk

(sjá DeLanda 2002; Protevi og Bonta 2004; Peterman 1994 og gagnrýni Campbell 1995). Hugtakið *fasaflétta* nær yfir þær hugmyndir sem á eftir fara um órofa tengsl allra efniseinda, þ.e. hvernig efniseindir eru allar tengdar óháð fjarlægðum í tíma og í rúmi. Síðar í greininni mun hugtakinu þó verða skipt út fyrir *tímafléttur* og skýrist það betur að neðan.

Með fyrra sjónarmiði Þorsteins (2002), sem gengur út á að allar efniseindir séu óháðar hver annari með þeirri fjarlægð sem tími og rúm skapar, er gefinn í skyn ákveðinn skilningur á hugtakinu rými. Rýmið er þar með aðeins geimur – geymir – eða tóm á milli efniseinda, sem skapar í besta falli fjarlægðir. Þetta rými er hið klassíska þrívíða rými, sem fjallar um staðsetningu og fjarlægðir á kortum eða umhverfis okkur; hið algera rými sem eindir einungis hreyfast í gegnum án þess að þær hafi nokkur áhrif á rýmið né rýmið á eindirnar (Brynjólfrur Bjarnason 1980). Landfræðingar hafa þó vissulega tekið upp þróaðri skilning á rýminu með því að líta á það sem tengslarými, þar sem rýmið er afstætt með tilliti til þeirra tengsla sem eru milli einda í rýminu og þannig eindum gefin kraftur til að skapa rýmið (Lefebvre 1991). Einnig hefur landfræðin reyrt athafnir fólks við stað og rými, t.d. með tilkomu tímalandfræðinnar (Hägerstrand 1967, 1973, 1975; Pred 1977, 1981; Kellerman 1989; Raper 2000; Raper og Livingstone 2001) sem gerir þrívíðar-rýmið fjórvítt (með tímanum). Höfundur vill þó meina að ganga þurfi mun lengra ef ekki á að skilja rýmið einungis sem geymslu.<sup>1</sup> Þetta er unnt með því að taka upp hugmyndina um fasafléttuna og nálgast

þannig rýmið út frá því að allar efniseindir í alheimi séu samstilltar og tengdar óháð fjarlægðum í tíma og hinu þrívíða rúmi, og einmitt með því að vera samstilltar og tengdar á þennan hátt skapa þær rýmið í gegnum tímann, sem aftur hefur áhrif á tengingu og samstillingu efniseindanna. Þetta rými er engin leið að skilja með klassískum þrívíðarfjarlægðum og verður rýmið með þessum skilningi svo fjölvídda að varla verður komið tölu á. Þessi stöðugt gagnkvæmt skapandi tengsl, milli efniseinda alheims og rýmis óháð fjarlægðum í tíma og rúmi, er mikið rætt um í skammtafræðum og öðrum greinum raunvísindanna (sjá Stewart 1990, 2001). Viðfangsefnið er þó vissulega ekki ókunnugt í heimi hugvísinda og heimspeki og er dæmi um slíkt *hið afstæðilega rúm* sem Brynjólfrur Bjarnason nefnir (1980). Það hafa landfræðingar sem vinna sérstaklega að rannsóknum á rýminu fjallað um, en vilja margir ganga lengra (sjá t.d. Doel 1996, 1999, 2000, 2001, 2002; Harrison 2000; tímaritin *Geoforum* 33(4): 437-505; *Environment and Planning D: Society and Space* 18. árg. og *Environment and Planning A* 35. árg.) og er höfundur þessarar greinar þar á meðal. Þá er einkum litið til verufræði tengslanna (e. relational ontology) sem byggir aftur helst á Gilles Deleuze. Þessi franskir heimspeningur, sem er nýlega látinn, byggði skrif sín og hugmyndir á lestri Leibniz, Spinoza, Nietzsche og Bergson. Deleuze fjallaði um fjölmörg efni, allt frá bókmenntum og kvikmyndum til breytinga í samfélagi og efnahagslífi, oft í samvinnu við geðlækninn Felix Guattari, sem var afar áberandi í samfélagsumbrotum þeim sem áttu sér stað

<sup>1</sup> Með þessu er ekki átt við að tímalandafræði byggir á rýminu sem algeru. Því fer víðs fjarri og er hún aðeins nefnd sem dæmi þar sem afar einfeldningslegur skilningur á henni gæti stutt hugmyndina um alger rými eins og sett er fram að ofan. Tímalandafræði hefur gengið í nokkra endurnýjun lífdaga þar sem reynt er að nýta hinar þekktu tímarýmismyndir (e. time-space diagrams) án þess að úr verði fast form (sjá Gren 2001; Thrift og Dewsbury 2000) eða framsetning sem frýstir rýmið og gerir það að þeirri geymslu sem þessi grein snýst um að komast hjá (sbr. Thrift 1996, 1997, 1999, 2000, 2003a, 2003b, 2003c, 2004).

í Evrópu 1968 (sjá Rajchman 1998, 2000, 2001; Deleuze 1989, 1998, 2000; Deleuze og Guattari 1986, 1987). Ekki er nokkur leið að draga upp heildstæða mynd af sýn Deleuze á tilveruna, en reynt verður að gera grein fyrir skrifum hans um rýmið, þar sem unnið verður með verufræði tengslanna og „heimspeki verðandinnar“ eins og Geir Svansson (2002) kallar verufræði Deleuze.

Eitt þekktasta ritverk Deleuze í félagi við Guattari er *Þúsund flekar* (Deleuze og Guattari 1987) og er það þaðan sem fyrri orðið í titli greinarinnar kemur. *Flekann* (e. plateau) útskýrir Deleuze sem „samfelt, titrandi kraftasvæði, sem þróast án nokkurar tilhneiginga í átt að hámarki eða ytra takmarki“ (Deleuze og Guattari 1987). Það sem hér er átt við er verufræði tengsla án markhyggju; verufræði sem snýst aðeins um þau tengsl sem eru stöðugt að myndast milli allra efniseinda og ekkert annað. Það eru þessi tengsl sem eru sífellt stöðug verðandi (becoming) og mynda þannig hið titrandi kraftasvæði flekans. Með því að tvinna saman orðin *þúsund flekar* og *fasaflétta* fæst myndlíking fyrir rýmið sem iðandi fláka tengsla sem hver getur tengst hverju sem er enda tengslin óháð fjarlægðum í tíma og rúmi. Þetta „afstæðilega rými“ er aðeins samsett úr tengslum milli einda og ber því aðeins að skoða tengslin. Í þeim felast möguleikar fyrir nýjungar, þar sem tengslin geta náð tengslum hvert sem er.

Til að geta skoðað og skrifað um veruleikann<sup>2</sup> sem stöðuga verðandi þarf að *skilja* veruleikann á þann hátt. Þá verður að beita aðferðum við rannsóknir sem leyfa veruleikanum að flæða og verða; aðferðum sem frysta ekki veruleikann niður í fastar myndir eða form sem *em*, sem síðar verða fóður fyrir kjarnhyggna (e. essentialist) hugmyndir formgerðarsinna. Í framhaldinu

mun höfundur fjalla um rýmið eins og það birtist í hversdagslegum veruleika og hvernig verður að leyfa því að verða. Til að þetta hversdaglega rými fái stöðuga verðandi með þessum hætti þarf að skilja rýmið sem „þúsund fleka fasafléttu“. Dæmi verður tekið síðar í greininni til að varpa ljósi á þetta, frá rannsóknum höfundar á hversdagslegu rými fólks á almenningstorgi í Edinborg.

Áður en lagt er til atlögu við hið flæðandi rými er nauðsynlegt að skýra hversvegna mikilvægt er að skilgreina og vinna svona með rýmið og myndun þess. Rannsóknir í mannvistarlandafræði eru mikill styrkur fyrir félagsvísindin í heild sinni. Helsta framlag landfræðinga liggur í skilningi þeirra á rýminu, sem setur mark sitt á veruleika hversdagsins, um leið og það er stöðug verðandi. Stöðugt þarf að endurhugsa og endurskilgreina þetta hugtak til þess að vera í takt við þá orðræðu sem á sér stað í heimspeki og vísindum samtímans. Djúpstæðari skilningur á rýminu markar landfræði gildan sess innan almennra félagsvísinda og getur leitt til frjórri samfélagsumræðu.

## TIL AÐ RÝMIÐ FLÆÐI...

Ef rýmið er stöðug verðandi má sjá að allt er breytingum háð. En veruleikinn breytist mishratt og fer það í raun eftir því hvaða tímakvarði er valinn hvað telst til breytinga og hvað telst stöðugt. Því má segja í heild að rýmið sé í raun óaðskiljanlegt frá tíma og verður þannig til *tímarými* (e. timespace, sjá May og Thrift 2001), hugtak sem gerir grein fyrir því hve óaðskiljanlegt rýmið er tímanum. Spurningin er þó hvernig tíminn tvinnast saman við rýmið. Einhver miðlun hlýtur að eiga sér stað þegar allar efniseindir veruleikans stilla sig saman og tengjast til að

<sup>2</sup> Hér er notast við hugtakið eins og Páll Skúlason og Brynjólfur Bjarnason (1983) nota það sem samsuðu vitundar (e. subject) og hlutveruleika (e. object) enda sé ómögulegt að greina veruleika ef þetta tvennt er aðskilið (sjá einnig Brynjólf Bjarnason 1960, 1980).

vefa það rými sem er hinn daglegi veruleiki.

Þessi miðlun á sér stað gegnum efniseindirnar sjálfar. Hver um sig hefur eigin tíma, eigin takt og eigin verðandi braut; og þannig getu til að mynda tengsl. Hver efniseind er þannig í raun sín eigin tíma(fasa)flétta. Með því að skilja efniseindir sem efniseindir í tíma á þennan hátt er byggt á notkun Bergsons á hugtakinu *durée* (sjá Mullarkey 1999), sem Deleuze og Guattari (1987) tóku síðar upp og unnu áfram með í *Þúsund flekum*. Hinir þúsund flekar, sem eru hver fyrir sig samsafn tímaflétta, renna saman og sundur og hafa áhrif hver á annan með því að tvinnna saman þær mýmörgu og mismunandi tímafléttur sem hver og einn er skapaður úr. Þannig verður veruleikinn til. Þar sem tveir ólíkir flekar tvinnast saman verður til *atburður* (e. event) sem er skapandi; sem skapar tímarýmið á því augnabliki, þar sem samvinnun mismunandi tímaflétta kemur til með að leiða af sér nýjungar, oft ófyrirséðar. Atburðurinn er því afleiðing þess er flekar mætast. Hann hefur hvorki áhrif né er áhrifalaus, en er einungis afleiðing aðgerða. Atburðurinn skapar rýmið og virkar því sem leiðari fyrir samband efniseinda og þess veruleika sem umlykur fólk, t.d. í daglega lífinu. Atburður verður þegar fleki gerður úr fjölda tímaflétta (t.d. bygging í borg) tvinnast við annan (t.d. mann). Á því augnabliki er rýmið skapað. Þannig er hægt að gera grein fyrir „hlutverki aðgerða í því að skapa borgarumhverfið“ (Tschumi 1994, 12). Þar sem í raun skapa óendanlega margar tímafléttur það rými sem veruleikinn er, er ekki hægt að gefa sér að sá staður þar sem samruni flekanna á sér stað sé fastur, með einhverja tiltekna eðliseiginleika, eða að rýmið sé óbreytanlegur geimur. Þannig verður „samrunastaðurinn“ til eins og Doel orðar það:

the minimal element is not the enclosed, charged and polarized point, but the open fold;

not a given One, but a differential relation; not an ‘is’ but an ‘and’; not a being, but a way of being-a pass-word of becoming; not Given Actuality, but regretful suspense (Doel 2002).

Í þessari grein er lögð áhersla á þá miðlun atburðarins sem fer fram gegnum vitundarverur og/eða lífið sjálft: Lífverur af öllum stærðum og gerðum, sem þá verða að miðpunkti. „Hér er því kjarni málsins, allir tímar fléttast saman í hnút...lífveran er af öllum tímum“ (Serres 1982, 75). Þessi sýn gerir allar lífandi verur að „...samsnúnum vafningi sem lekur líkt og bast-karfa en getur samt virkað líkt og stífla“ (Serres 1982, 75). Því má spyrja: „Hvað er lífveran? Tímaflétta. Hvað er vistkerfi? Blómvöndur tíma“ (Serres 1982, 75). Lífandi verur eru miðlarar tímans. Vitundarveran er tímaflétta, sem heldur þannig rýminu sem stöðugri verðandi með því að vefa saman veruleikanum, sem er þúsundflekafasaflétta, til að mynda það rými sem veruleikinn svo verður.

Það að miðlunin fari fram með þessum hætti kann að hljóma líkt og ef ekki væri fyrir lífandi verur myndi ekkert breytast. Það er ekki alveg rökrétt. Serres, í tveimur af síðari bókum sínum, tvinnar saman allan efnisheim í ólgandi hafsjó tímaflétta og breytinga (1995a, 1995b). En fyrir það sem fjallað er um í þessari grein verður einungis horft á þann samruna sem á sér stað milli fólks og hins hversdagslega rýmis.

Ljóst má vera af því sem að ofan er sagt að allar breytingar í rými hafa með tíma að gera; tíma sem einnig er miðlað af vitundarverum og því sem lífandi er, sem flétta saman tímafléttur sem mætast í atburðinum – atburðinum þar sem flekar Deleuze mætast. Með því að sjóða rýmið svona kyrfilega saman við tímann með miðlun vitundar og alls þess sem lifir fæst sýn á rýmið sem „land grannfræðinnar“ (Topologica), sem Hoppubelgurinn lýsir svo vel í bók Stewarts, *Flatterland*:



**Mynd 1** Festival Square, Edinborg vor 2002 (ljósmynd eftir Jón Jens).

'Topologica,' replied the Space Hopper, 'the Rubber-sheet Continent, which doesn't so much drift as stretch ... We have entered the realm of topology, from which rigidity was long ago banished and only continuity holds sway. The land of topological transformations, which can bend-and-stretch-and-compress-and-distort-and-deform' (he said this all in one breath) 'but not tear or break' (Stewart 2001, 89).

Samkvæmt þessum skilningi er rýmið samfella háð stöðugum breytingum í tíma. Þannig teygist það og togast með miðlun lífsins þar sem fólk sinnir sínu daglega amstri. Með þennan skilning í farteskinu má fara að leita svara við áleitinni spurningu:

Each of us has [such] geometries, composed of lines of different kinds, coming to us in various ways, which make up the arrangements or dispositions of space-the "assemblages"-in which we move and relate to one another. But how then do such geometries of living come together, intersecting and interfering with one another in the space of a city or a building (Rajchman 1998, 92).

**AF LÖMPUM (FYRSTA TILRAUN)**  
Til að reyna að skýra betur þá hugsun sem

um er rætt að ofan mun ég taka dæmi sem byggir á rannsóknum mínum í Edinborg. Þar var markmiðið að leita svara við ofangreindri spurningu Rajchmans. Hugmyndin var að finna lítið rými sem gæti vitnað um sköpun tímarýmisins í örmynd. Leitin að þessu rými leiddi mig að almenningstorginu Festival Square á Lothian Road nálægt vesturenda Princes Street. Þar var rými í borg af hæfilegri stærð sem var ákjósanlegt til að svara spurningunni og sjá sköpun tímarýmisins í örmynd.

Torgið er í hjarta höfuðborgar Skotlands. Það er hluti af nýlega hönnuðu og nánast fullbyggðu fjármálahverfi borgarinnar og er opinberlega andlit þess út á við. Höfundur eyddi 10 mánuðum á þessu torgi, á öllum tímum og í öllum veðrum. Safnað var gögnum í formi fjölda stafrænna ljós- og videomynda, viðtala og spjalls við fólk í gegnum spurningalistakönnun sem gerð var á torginu og fjallaði um það. Auk þess var farið yfir fundargögn allra nefnda sem að sköpun torgsins höfðu komið og viðtöl tekin við alla þá sem höfðu með torgið að gera, unnu við það eða notuðu það sem starfsvettvang. Þessir 10 mánuðir færðu í

fang höfundar fjölda dæma sem styðjast mátti við í þeirri viðleitni að skýra þær kenningar sem talað er um að ofan. Hér mun ég taka dæmi af lampa sem á torginu stendur.

Hvernig lítur þessi lampi út? Til að byrja með er um að ræða hönnun arkitektanna Terry Farrell og félaga, sem hönnuðu torgið. Hann á sér fyrirmynd í ljósum sem sett voru upp í tengslum við Ólympíuleikana 1992 í Barcelona. Lamparnir eru turnslegir, um 1,5 metrar á hæð úr grámáluðu stáli og tæru gleri og minna um margt á litla vita.

Hæglega væri hægt að eyða mörgum orðum í að kafa í þá hönnunar- og hugmyndavinnu sem liggur að baki einum svona lampa. Tilgreina mætti öll þau efni sem koma að gerð lampans, hvaðan þau koma og hvernig til kom að þau voru sett saman á þennan hátt en ekki hinn. Síðan mætti kafa enn dýpra og sýna fram á þá margvíslegu vinnu og hugmyndir sem skapa efnið sem notað er, svo sem hvernig gler og stál varð til og hvaðan það kemur. Með því að útlista þetta allt yrði gerð grein fyrir þeim ógrynni tímaflétta sem koma saman í einum svona lampa, sem síðan er hluti af daglegu rými fólks á torginu.

Með því að greina frá þeim fjölmörgu tímafléttum sem saman koma til að mynda einn hlut veruleikans (lampann) – sem virðist stöðugur og heill – er verið að greiða úr fléttunum með aðferðafræði sem Latour (1999) hefur lýst vel og skipulega í bók sinni *Pandora's Hope*. Þar nálgast hann á mjög skipulagðan hátt hvernig hlutir eru samsettir úr ótal mörgum tímafléttum, sem höfundur hefur kosið að kalla svo, og leggur fram verkfæri til að greina í sundur öll þau myndunarferli sem koma að sköpun hluta eins og við berjum þá augum í dag. Án þess að kafa dýpra í aðferðafræði Latours er rétt að benda á tengsl milli þess hvernig unnið er með rýmið í þessari grein og hvernig hugmyndasmiðir svokallaðrar *gereindanets-*

*kenningar* (e. Actor-Network Theory (ANT)) skilja skipulag og birtingarform veruleikans. Aðferðafræði Latour byggðist upprunalega á hugmyndum um félagslega byggingu hluta (e. social constructionism, sjá Bijker, Hughes og Pinch 1987; Law 1986) og hugmyndum um ferlisháða uppbyggingu (e. path dependency) sem síðar leiddu til heildstæðrar aðferðafræði sem þekkt varð undir skammstöfuninni ANT (Latour 1991 1997 2003; Law 2002; Murdoch 1997). Hún hefur enn síðar verið þróuð í þau greiningartól sem Latour (1999) býður upp á.

Ástæða þess að hér er vísað til gereindanetskenningarinnar er að með þeim greiningartólum sem þar hafa verið þróuð má sjá og skilja að því dýpra sem við köfum og því meir sem við hlutum sundur lampann – sem og aðra hluti og lífverur veruleikans – finnast í lampanum sífellt fleiri tímafléttur. Engum botni eða kjarna hlutarins verður náð. Allar þessar tímafléttur voru einhvern tímann *verðandi* í einhverju samhengi og urðu það sem lampinn er í dag. Lampinn er í senn fulltrúi Barcelona, fulltrúi allra þeirra sem að gerð hans komu með einum eða öðrum hætti, fulltrúi hugmynda um öryggi í næturhúmi stórborgar, fulltrúi fegurðargildis og hugmynda og þeirra efna sem hann skapa. Lampinn verður þannig fleki þúsunda fleka eða tímaflétta, þar sem sambandið milli þeirra óteljandi eininga sem hann skapa virðist ekkert hafa með fjarlægðir í tíma eða rúmi að gera, ef kosið er að skilja rýmið sem einhverskonar geymslu. Þannig verður lampinn ekki bara lampi, heldur samsafn þúsund fleka.

Ef gengið er út frá því að lampinn sé samsafn þúsund fleka er hægt að draga upp mikið notaða jarðfræðilega myndlíkingu sem gjarna er notuð um það rými sem við höfum fyrir augum dag frá degi. Þannig hefur rýminu oft verið líkt við setlög þar



**Mynd 2** Lampi á Festival Square, Edinborg.

sem aðgerðir og notkun fólks á rými hefur sest til og harðnað líkt og set í stöðuvatni (sjá Bourdieu 1990). Þannig má segja að tímafléttur og sköpunarbrautirnar, sem verða til í atburðinum þegar flekar mætast, myndi setlög af þeirri gerð sem veruleikinn er hverju sinni. Setlög flæðandi rýmis sem tímabundið hafa fundið sér samastað; atburðir sem hafa staldrað við; tímafléttur sem eru frosnar og sköpunarbrautir sem ekki fara úr stað. Þess háttar setlagamyndun er viðhaldið með *takti*. Með hugmyndinni

um takt<sup>3</sup> er vísað til seinni tíma rita Henri Lefebvre (1996 sjá einnig Doel 1999; Shields 1999). Það er sumsé með taktfastri notkun á rýminu, alltaf eins, alla daga sem því er haldið eins og það er, sem rýmið er skapað í sinni mynd um leið og það skapar vitundina; vitund og verund sem ekki verða ekki aðskilin (Brynjólfur Bjarnason 1960, 1980). Þannig getur lampinn verið samsafn þúsund fleka eða þúsund-fleka-fasaflétta án þess að leysast upp, þar sem takturinn sem hver þeirra er gerður úr er nógu stöðugur til að

<sup>3</sup> Deleuze fjallar bæði um hugmyndina um setmyndun daglegrar iðkunar og starfa fólks (e. practice) sem það rými sem við sjáum og lifum í, sem og hugmyndina um takt. Setlögin (e. strata) eru fyrir honum rýmið líkt og það er og viðhaldið með takti (e. refrain) sem alltaf getur þó skotist í burtu eftir nýrri sköpunarbraut (e. line of flight) hvaðan sem er af hinni taktföstu braut og því líkir Deleuze myndun sköpunarbrautanna oft við vöxt rótarstöngla (e. rhizome). Þetta er það sem Doel (1999) nefnir *takt með breytingarkrafti* (e. difference-producing repetition).

viðhalda lampanum sem stöðugum í veruleikanum<sup>4</sup>. Þannig er mögulegt að taka og greina hann í sundur með verkfærum ANT til að sýna hve endalaust samsafn tímafléttanna er sem koma saman í honum, án þess að hann missi nokkuð af þeim áþreifanleik sem hann hefur sem hlutur á Festival Square í Edinborg.

En höfundur kys þó að ganga lengra og halda áfram með þetta dæmi af lampanum aðeins síðar til að sýna fram á að þó svo að tímafléttur hafi myndað setlög og staðnað sem lampinn í núverandi mynd eru þær engan veginn alveg staðnaðar eða líflausar. Atburðir eiga sér stað hvern dag. Þótt þeir séu oft æði smáir gerist eitthvað nýtt á hverjum degi. Ekki er alltaf nákvæmlega fylgt í fótspor gærdagsins. Það er í atburðinum sem líf færast í tímafléttur. Flekar nír halda áfram á sínu endalause skriði og rýmið hefur möguleika til að losna upp.

Rýmið sýnist fast í einu formi veruleikans en er um leið samsafn óteljandi tímaflétta. Því er ævinlega möguleiki fyrir nýjar sköpunarbrautir þegar flekar með sinn fjölda tímaflétta mætast og orka hvor á annan; t.d. maður og bygging í borg; eða við og lampinn. Vitund setur tímamann í rýmið; rýmið er alltaf tímarými. Þetta samspil vitundar og verundar er líka vissulega viðurkennt af ANT fræðimönnum (sjá Law og Hassard 1999; Law og Singleton 2000) en það sem hins vegar má bæta við hugsanir þeirra og aðferðanna sem þeir nota til að greiða úr tímafléttunum eru hugmyndir Deleuze um það sem er *tílsýndar*.

## ÞAÐ SEM EKKI ER EN ER SAMT

Atburðurinn er samrunapunktur allra tíma, takta og tilveru, atburðurinn er þar sem

tímarýmið verður til. En til að gefa atburðinum kraft hinna þúsund fleka og stöðuga verðandi, þá verður að skilgreina betur hvað gerist þegar tímafléttur fléttast saman. Í samhengi þessarar greinar, hvað gerist þegar fólk mætir sínu hversdagslega umhverfi, sem eins og haldið var fram að ofan, er samsett úr ógrynni tímaflétta. Í því samhengi er aðgreining Deleuze á því sem er einungis tílsýndar (e. virtual, eigin þýðing) og þess veruleika sem er, afar gagnleg. Það sem er einungis tílsýndar er „raunverulegt án þess að vera áþreifanlegt, hugmynd án þess að vera óraunveruleg“ (Deleuze 1998, 254). Eða eins og einn útleggjenda Deleuzes orðar það:

Something that happens too quickly to have happened, actually, is virtual. The body is as immediately virtual as it is actual. The virtual, the pressing crowds of incipencies and tendencies, is a realm of potential. In potential is where futurity combines, unmediated, with pastness, where outsides are infolded and sadness is happy (Massumi 2002, 30).

Hugtakið er dregið af latnesku rótinni *virtus*, sem þýðir í raun hnúður eða hnykill af krafti sem ekki hefur verið drepinn úr dróma. Alltaf er í öllu að finna eitthvað sem í raun er áþreifanlegt og sjáanlegt, og einnig eitthvað sem ekki er sjáanlegt eða áþreifanlegt, en er engu að síður til staðar og bíður hugsanlega eftir því að verða. Til að skilja við hvað er átt er oft notuð myndlíking úr stærðfræði. Segja má að tílsýndin sé það sem ætla mætti að liggi utan hins áþreifanlega veruleika, en vandinn er að í raun er ómögulegt að greina nokkuð sem utan þess veruleika sem við lifum í, þar sem í því felst óleysanleg þversögn: Um leið og það er gert telst það sem greint hefur verið til veruleikans. Til að skýra þetta enn

<sup>4</sup> Hér má líka nota myndlíkingu úr óreiðustærðfræði og segja að lampinn sé viðhald stöðugleika sem þó er á eilífri hreyfingu (e. chaotic attractor). Þessi hreyfing breytir hins vegar ekki ásjón þar sem hreyfingin er í djúpu jafnvægisástandi.



frekar þá verður „hið ytra“ ævinlega skilgreint af hinu innra og verður hið ytra alltaf skilgreint og til, um leið og það verður alltaf hið innra borð. Stærðfræðilega myndlíkingin er Möbius-bandíð, þar sem mörk innra og ytra borðs eru ógreinanleg (mynd 3).



**Mynd 3** Möbius-bandíð

Þar sem veruleikinn – það rými sem blasir við dag frá degi – verður ekki skilinn frá því sem er tilsýndar, er ljóst að með tilsýnd er ekki átt við annan veruleika eða ímyndun; vitund sem einhvernveginn búi utan við veruleikann. Það sem er tilsýndar býr með því sem er áþreifanlegt í raunveruleikanum. Með tilsýnd er því ekki vísað til þess sem er ímyndað, heldur til þess sem er gefið af því sem fyrir er, er ekki raunverulegt, en er engu að síður tilsýndar.

Þannig vill höfundur þessarar greinar meina að veruleikinn sé í því fölginn að í öllu búi geta til að verða, en ekki sé endilega fyrirséð að fullu hvernig það verður. Þegar ekki er fullkomlega fyrirséð hvað verður er sköpun rýmisins hugsanlega ekki fullkomlega eins og ætlað var, en samt vissulega byggð á öllum þeim tímafléttum sem veruleikinn og vitundarveran eru gerð úr, tímafléttum sem eru ekki endilega svo augljósar og margar hverjar ekki enn raungerðar. Vitundarveran getur aldrei fullkomlega séð fyrir allar þær afleiðingar sem verund hennar í rýminu hefur í för með sér. Þannig talar Latour (1999, 266) um að aðgerðir komi alltaf aðeins á óvart. Með þessum ófyrirsjáanleik verður verundin í rýminu, og þar með sköpun tímarýmisins,

meira lifandi og skapandi. Þær tímafléttur sem skapa rýmið eru óendanlegar líkt og þær sem skapa vitundarveruna. Þannig hefur verundin í rýminu óendanlega möguleika og oft gerist það sem ekki er fyrirsjáanlegt. Þá þarf hinsvegar ekki að leita skýringa á önnur „æðri“ eða „lægri“ tilverustig eða í kjarna eða endanlegum sannleik veruleikans hvort sem það í formi hinna órannsakanlegu vega eða „kenningarinnar um allt“ (e. theory of everything) sem vísindin telja sig vera að nálgast um þessar mundir; það er aðeins skrið hinna þúsund fleka sem er að verki.

Í þessari grein leggur höfundur áherslu á vitundarveruna; á lifandi veru sem þá miðju þar sem rýmið breytist. Sú miðja þar sem rýmið verður fyrir áhrifum af tímanum. Vitundarveran býr yfir getu til að raungera það sem er einungis tilsýndar, áþreifanlegt. Vitundarveran er hinsvegar einungis samsafn þúsunda fleka, líkt og sá veruleiki sem hún lifir og hrærist í, en vissulega má færa rök fyrir því að flekarnir sem hana mynda séu í dýpra jafnvægisástandi og tengslin sem hin lifandi vera er fær um að mynda við veruleikann mun flóknari en til dæmis það sem borð gæti myndað. Þannig gefur vitundarveran mun meira inn í það sem áþreifanlegt er og gefur veruleikanum tækifæri til að fara ævinlega eilítið fram úr sjálfum sér<sup>5</sup>. Þar sem hið áþreifanlega teygir sig alltaf aðeins inn í sína eigin verðandi um leið og það er, eru hinir þúsund flekar því alltaf þegar orðnir en um leið verðandi.

## **AF LÖMPUM OG ÞVÍ SEM LIFANDI ER (ÖNNUR TILRAUN)**

Með tilsýnd af því sem hugsanlega getur orðið er hægt að skoða lampann eins og hann er en um leið alltaf verðandi. Að ofan notaði höfundur myndlíkinguna um setlög til að lýsa þeim tímafléttum sem mynda lampann eins og þær hafi sest til og storknað í þeirri einingu sem er lampinn í dag.

Tímafléttumar eða flekarnir liggja í lögum sem mynda rýmið en eins og einnig var reynt að sýna fram á að ofan, þá eru flekarnir aldrei fullkomlega í kyrrð þar sem á hverju augnabliki eru tilsýndar hverjum fleka möguleikar á mótum við aðra fleka. Það er einmitt á flekamótum hinna eirðarlausu fleka sem *Jón* kemur til sögunnar. Jón vinnur fyrir *Skinandi Stjörnur hf* (Shining Stars Ltd.), fyrirtækið sem sér um viðhald og þríf á torginu fyrir borgarráð Edinborgar. Í daglegri umgengni sinni við torgið gerir Jón það að því sem verða vill. Oftast er niðurstaðan þó ekki nákvæmlega það sem Jón vill og ekki nákvæmlega eins og torgið var áður. Eitt af þeim verkefnum sem Jón þarf að sinna á torginu, utan þess að þrifa og tína rusl, er að kveikja á lampanum að kvöldi dags. Til þess hefur hann rafrænt takkaborð sem hann snýr tökkum á í ákveðinni röð. Lampinn á torginu er ekki einn og eru sjö aðrir eins tengdir við sama takkaborð. Þrátt fyrir nýja og glæsilega hönnun leið ekki á löngu þar til lamparnir tóku að slökkna hver á eftir öðrum af ástæðum sem voru Jóni ókunnugar, enda hafði hann ekki tök á að yfirfara allt rafkerfi torgsins. Jón lét það þó ekki á sig fá. Á hverjum degi fann hann nýjar leiðir til að halda öllum lömpum logandi, en með hverjum deginum sem leið varð það flóknari aðgerð, með allskyns reddingum og brögðum sem ekki lutu reglum um öryggi á vinnustöðum. Á endanum var Jón beðinn um að hætta þessu þar sem hann skapaði sjálfum sér og hugsanlega öðrum hættu og ljóst þótti að hann ætti hugsanlega eftir að verða fyrir lífshættulegu raflosti. Jón varð að sætta sig við það að þessi ljós

myndu ekki virka og enginn mundi gera neitt í því nema banna honum að gera eitthvað. Birtist gremja hans yfir málinu í kaldhæðnislegum athugasemdum og uppgjafartón ef minnst var á lampana.

Með þessu dæmi vill höfundur leggja áherslu á að öll samskipti vitundarverunnar við rýmið *skapa rýmið*. Oft geta þessi samskipti leitt til nýjunga, sem jafnvel eru stórar, enda getur margt smátt gert eitt stórt, eða smábreytingar haft stórar afleiðingar (sbr. óreiðustærðfræði<sup>6</sup>). Jóni hafði tekist að vinna á flekaskilum þeirra tímafléttufleka sem lampinn er og láta hann verða eftir sínu höfði með því að raungera það sem aðeins var honum tilsýndar í því sem orðið var. Með því að raungera tilsýndir sínar tókst honum að koma í veg fyrir raunsköpun annarra tilsýnda sem engu að síður eru alltaf til staðar, s.s. árás nauðgara, sem leynst gæti í skugga óvirks lampans.

Sá sem sagði Jóni hinsvegar að hætta að skipta sér af lömpunum var sami maður og síðar lét koma röð og reglu á lampamálin. Þetta var einn borgarfulltrúi Edinborgar sem aðeins var lauslega kunnugur því sem var að gerast á torginu en vissi aðeins að þar var vandamál með lampana. Honum hafði tekist að koma á samningi við rafverktaka um að laga lampana og viðhalda þeim til framtíðar. Nú er það hugsanlega svo að hversdagslegar reddingar Jóns til að bjarga stöðugt stærra vandamáli og að vaxandi gremja hans yfir málinu hafi smám saman síast inn á efri stig stjórnsýslunnar og þannig, á endanum, valdið því að breytingar yrðu. Þannig eru færð rök fyrir pólitískum áhrifamætti hins hversdagslega, þar sem margt smátt getur

<sup>6</sup> Deleuze og kenningasmíð hans er afar and-húmanísk, en hann lítur á vitundarveruna sem ekkert öðruvísi en veruleikann allan, það er aðeins samsetta úr þúsundum fleka á eilífu skriði. Í athugasemd með þýðingu á grein Deleuze og Guattari (2002) talar Hjörleifur Finnsson um LfL sem styttingu fyrir líffæralausan líkama (e. Body without Organs, BwO) sem er myndlíking fyrir vitundarveruna. Höfundur vill meina að einhvernvegin þurfi þó að gera betri grein fyrir vitundarverunni án þess þó að gera hana að „æðra tilverustigi“, en það er efni í aðra grein.

vissulega gert eitt stórt, líkt og Amin og Thrift (2002) færa rök fyrir í bók sinni. Ef hið hversdagslega getur haft pólitískan mátt er vissulega búið að færa rök fyrir mikilvægi þess að skilja hvernig tímarýmið skapast í örmynd, þar sem það eru þessir ör-atburðir sem, þegar allt kemur til alls, skapa það rými sem vitundarveran síðan leikur út líf sitt í. Þannig er mikilvægt að skilja hvernig tíminn tvinnast saman við rýmið með aðgerðum vitundarverunnar í atburðum sem eru drifnir áfram af því sem tilsýndar er. Með hugmyndinni um tilsýnd er búið að gera grein fyrir því sem ekki er, en er samt. Þannig víkkar hugtakið skilninginn á því áþreifanlega.

Það er hinsvegar líka möguleiki að kvöld eitt gæti þessi sami borgarfulltrúi hafa átt leið framhjá torginu og séð að ekki var allt með felldu og torgið óvenju myrkvað. Hann hafi í framhaldi af því ákveðið sjálfur að koma þessu máli í lag og með ítökum sínum farið létt með það. Þannig er það ljóst að sumir hafa víðari svið tilsýndar en aðrir. Sumir hafa finguma á fleiri fasafléttum eða flekaskilum og þar með meiri möguleika til að færa saman nýjungar og raungera þá möguleika og tilsýndir sem þeir sjá út. Þegar kemur að sköpun rýmisins stöndum við ekki öll jöfnum fótum.

## VERÐANDI-LAMPI

Hérna er komið að niðurstöðu greinarinnar. Með því að skilja rýmið sem þúsund fleka fasafléttu sem er breytingum háð, þar sem vitundarveran raungerir með tilvist sinni það sem tilsýndar er í hverju því sem orðið er, þá tekst að gera grein fyrir þeim örlitlu breytingum sem geta haft svo stór áhrif síðar meir. Á hverju augnabliki, stað og stund, erum það við sem gerum rýmið lífandi með tilvist okkar og lífum í og með rýminu. Við erum hvert um sig miðpunktur

í endalausum vef verðandi tilvistar, vef sem er öllu tengdur. Hinsvegar eru sumir sem hafa meiri möguleika til að raungera þær tengingar sem þeir hafa og aðrir sem verða að treysta eða trú á mátt þeirra breytinga sem margt smátt getur gert. Engu að síður sköpum við öll rýmið í kringum okkur og það gefur okkur svo aftur það sem við höfum úr að móða í þeirri sköpun.

Helsta vald þeirra sem hafa ítök í fleiri tímafléttum en aðrir, og teljast almennt séð hafa valdið, er að lýsa rýmið fast, dautt og óbreytanlegt. Það sem kynnt er til sögunnar með annari tilraun á lampanum er sú hugsun að allir eiga þátt í sköpun rýmisins og það er aldrei fast, dautt eða bara geymir fyrir veruleikann eins og hann er í dag. Í þessu felast þau pólitísku skilaboð að það er á allra valdi að breyta. Þó að rýmið sýnist í föstum skordum og óhagganlegt er það einungis vegna skriðþunga ákveðina fleka sem eru ekkert nema flétta þúsunda minni og minni fleka, sem á endanum allir skapast á flekamótum þar sem við erum stödd hverju sinni. Það er þaðan sem við byrjum að skapa.

## Þakkir

Fyrst og fremst vil ég þakka Karli Benediktssyni fyrir að hafa hvatt mig til að skrifa þessa grein og takast á við að koma þessu efni frá mér á íslensku sem og gagnrýni hans. Einnig vil ég þakka Gunnþóru Ólafsdóttur fyrir skemmtilegar ábendingar og góða hjálp við að íslenska textann. Ég þakka einnig gagnrýni hinna nafnlausu dæmenda greinarinnar þegar hún var á fósturstigi.

## HEIMILDIR

Amin, A. og N. Thrift 2002: *Cities. Reimagining the Urban*. Cambridge: Polity Press.

Bijker, W.E., T.P. Hughes og T. Pinch 1987: *The Social Construction of Technological Systems*. Cambridge: MIT Press.

Bourdieu, P. 1990: *The Logic of Practice*. Stanford: Stanford University Press.

<sup>6</sup> Tengingar eru milli Deleuze og óreiðustærðfræði (e. chaos mathematics) og flækjukenningar (e. complexity theory) (sjá DeLanda 2002, Massumi 1992; Protevi og Bonta 2004)

- Brynjólfur Bjarnason, 1960: *Vitund og verund*. Reykjavík: Heimskringla.
- Brynjólfur Bjarnason 1980: *Heimur rúms og tíma*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Campbell, C. 1995: Does quantum theory add to the geographic perspective? *Professional Geographer*, 47(2): 216–217.
- DeLanda, M. 2002: *Intensive Science and Virtual Philosophy*. London: Continuum.
- Deleuze, G. 1989: *Cinema*. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Deleuze, G. 1998: *Essays Critical and Clinical*. London: Verso.
- Deleuze, G. 2000: *Proust and Signs: The Complete Text*. London: Athlone.
- Deleuze, G. og F. Guattari 1986: *Kafka: Tonurd a Minor Literature*. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Deleuze, G. og F. Guattari 1987: *A Thousand Plateaux. Capitalism and Schizophrenia*. Minneapolis: University of Minnesota Press.
- Deleuze, G. og F. Guattari [þýð. Hjörleifur Finnson] 2002: Í Geir Svanson (ritstj.) *Heimspeki verðandinnar. Rísóm, sífjar og innrætt siðfræði*. Reykjavík: Reykjavík Akadémían.
- Doel, M.A. 1996: A hundred thousand lines of flight: a machinist introduction to the nomad thought and scrumpled geography of Gilles Deleuze and Félix Guattari. *Environment and Planning D: Society and Space*, 14: 421–439.
- Doel, M.A. 1999: *Poststructuralist Geographies. The Diabolic Art of Spatial Science*. Edinburgh: Edinburgh University Press.
- Doel, M.A. 2000: Un-glunking geography: spatial science after Dr. Seuss and Gilles Deleuze. Í Crang, M. og Thrift, N. (ritstj.) *Thinking Space*. London: Routledge. Bls. 117–135.
- Doel, M.A. 2001: 1a. Qualified quantitative geography. *Environment and Planning D: Society and Space*, 19(5): 555–572.
- Doel, M.A. 2002: Sudden theory. Á <http://www.mailbase.ac.uk/lists/crit-geog-forum/files/marcus.htm> (skoðað 22. febrúar, 2002).
- Geir Svanson (ritstj.) 2002: *Heimspeki verðandinnar. Rísóm, sífjar og innrætt siðfræði*. Reykjavík: Reykjavík Akadémían.
- Gren, M. 2001: Time-Geography Matters. Í J. May og N. Thrift (ritstj.), *Timespace. Geographies of Temporality*. London: Routledge. Bls. 208–225.
- Harrison, P. 2000: Making sense: embodiment and the sensibilities of the everyday. *Environment and Planning D: Society and Space*, 18: 497–517.
- Hägerstrand, T. 1967: *Innovation Diffusion as a Spatial Process*. Chicago: University of Chicago Press.
- Hägerstrand, T. 1973: The domain of human geography. Í R.J. Chorley (ritstj.), *Directions in geography*. London: Methuen. Bls. 67–87.
- Hägerstrand, T. 1975: Space, time and human condition. Í A. Karlqvist (ritstj.), *Dynamic Allocation of Urban Space*. Lexington: Saxon House Lexington Book. Bls. 3–14.
- Kellerman, A. 1989: *Time, Space and Society: Geographical-Societal Perspectives*. Boston: Kluwer Academic Publishers.
- Latour, B. 1991: *We Have Never Been Modern*. New York: Harvester/Wheatsheaf.
- Latour, B. 1997: Trains of thought: Piaget, formalism and the fifth dimension. *Common Knowledge*, 6(3): 170–191.
- Latour, B. 1999: *Pandora's Hope. Essays on the Reality of Science Studies*. Cambridge MA: Harvard University Press.
- Latour, B. 2003: Is re-modernisation occurring – and if so, how to prove it? A commentary on Ulrich Beck. *Theory, Culture & Society*, 20(2).
- Law, J. 1986: *Power, Action and Belief. A New Sociology of Knowledge*. Henley: Routledge.
- Law, J. 2002: Objects and Spaces. *Theory, Culture and Society*, 19(5): 91–106.
- Law, J. og J. Hassard (ritstj.) 1999: *Actor Network Theory and After*. Oxford: Blackwell.
- Law, J. og V. Singleton 2000: Performing technology's stories: on social constructivism, performance and performativity. *Technology and Culture*, 41(4): 765–776.
- Lefebvre, H. 1991: *The Production of Space*. Oxford: Blackwell.
- Lefebvre, H. 1996: *Writings on Cities*. Oxford: Blackwell.

- Massumi, B. 1992: *A User's Guide to Capitalism and Schizophrenia: Deviations from Deleuze and Guattari*. Cambridge MA: MIT Press.
- Massumi, B. 2002: *Parables of the Virtual*. Durham: Duke University Press.
- May, J. og N. Thrift (ritstj.) 2001: *Timespace: Geographies of Temporality*. London: Routledge.
- Mullarkey, J. 1999: *Bergson and Philosophy*. Edinborg: Edinburgh University Press.
- Murdoch, J. 1997: Inhuman/nonhuman/human: actor-network theory and the prospects for a nondualistic and symmetrical perspective on nature and society. *Environment and Planning D: Society and Space*, 15: 731–756.
- Páll Skúlason og Brynjólfur Bjarnason 1983: Samræða um hluthyggju og hughyggju. *Tímarit Máls og menningar*, 44(1): 82–86.
- Peterman, W. 1994: Quantum theory and geography: what can dr. Bertelmann teach us? *Professional Geographer*, 46(1): 1–9.
- Pred, A. 1977: The choreography of existence: Comments on Hägerstrand's time-geography and its usefulness. *Economic Geography*, 53: 207–221.
- Pred, A. (ritstj.) 1981: *Space and Time in Geography: Essays Dedicated to Torsten Hägerstrand*. Lund: Gleerup.
- Protevi, J. og M. Bonta 2004: *Deleuze and Geophilosophy*. Edinburgh: Edinburgh University Press.
- Rajchman, J. 1998: *Constructions*. Cambridge MA: MIT Press.
- Rajchman, J. 2000: *The Deleuze Connections*. Cambridge MA: MIT Press.
- Rajchman, J. 2001: Introduction Í: J. Rajchman (ritstj.), *Pure Immanence. Essays on a Life*. New York: Zone Books. Bls. 7–23.
- Raper, J. F. 2000: *Multidimensional Geographic Information Science*. London: Taylor and Francis.
- Raper, J. F. og D.E Livingstone 2001: Let's get real: spatio-temporal identity and geographic entities. *Transactions of the Institute of British Geographers*, 26: 237–242.
- Serres, M. 1982: *Hermes. Literature, Science, Philosophy*. Baltimore: The John Hopkins University Press.
- Serres, M. 1995a: *Genesis*. Ann Arbour: University of Michigan Press.
- Serres, M. 1995b: *Angels: A Modern Myth*. Paris: Flammarion.
- Shields, R. 1999: *Lefebvre, Love and Struggle: Spatial Dialectics*. London: Routledge.
- Stewart, I. 1990: *Does God Play Dice? The Mathematics of Chaos*. London: Penguin.
- Stewart, I. 2001: *Flatterland. Like Flatland, Only More So*. London: Macmillan.
- Tschumi, B. 1994: *Event-Cities*. Cambridge MA: MIT Press.
- Thrift, N.J. 1996: *Spatial Formations*. London: Sage.
- Thrift, N.J. 1997: The still point: resistance, expressive embodiment and dance. Í: S. Pile og M. Keith (ritstj.), *Geographies of Resistance*. London: Routledge. Bls. 124–151.
- Thrift, N.J. 1999: Steps to an ecology of place. Í: M. Massey, J. Allen og P. Sarre (ritstj.), *Human Geography Today*. Cambridge: Polity Press. Bls. 295–322.
- Thrift, N.J. 2000: Still life in nearly present time: the object of nature. *Body & Society*, 6: 34–57.
- Thrift, N.J. 2003a: Performance and .... *Environment and Planning A*, 35(11): 2019–2024.
- Thrift, N.J. 2003b: Space: the fundamental stuff of geography. Í: S.L. Holloway, S.P. Rice og G. Valentine (ritstj.), *Key Concepts in Geography*. London: Sage. Bls. 95–107.
- Thrift, N.J. 2003c: Practising ethics. Í: M. Pryke, G. Rose og S. Whatmore (ritstj.), *Using Social Theory: Thinking through Research*, London: Sage. Bls. 105–121.
- Thrift, N. 2004: Summoning life. Í: P. Cloke, P. Crang og M. Goodwin (ritstj.), *Envisioning Human Geographies*, London: Hodder Arnold. Bls. 81–103.
- Thrift, N. og J.D. Dewsbury 2000: Dead geographies – and how to make them live. *Environment and Planning D: Society and Space*, 18: 411–432.
- Þorsteinn Þorsteinsson 2002: Samstilling efnis í alheimi. Í: Þór Jakobsson (ritstj.), *Líf um viðan stjörnugeim. Giordano Bruno og nútímarísindi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. Bls. 95–105.